

Ársskýrsla

Starfsárið 2018

Lögð fram á ársfundi, 28. maí 2019



Starfsendurhæfing Vestfjarða

Efnisyfirlit;

Inngangur	3
Um SEV	3
Stjórn.....	4
Hlutverk SEV.....	4
Markmið SEV	5
Fjármögnun.....	5
Samstarfsaðilar.....	6
Þátttakendur	8
Tilvísanir	8
Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda	8
Staða þátttakenda eftir endurhæfingu	9
Endurhæfingin.....	10
Norðursvæði.....	10
Suðurfirðir og Strandir	11
Þekkingaröflun og samstarf	12
Þróun starfseminnar	13
Lokaorð	14

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða (SEV) starfsárið 2018. Farið verður yfir fjölda og samsetningu þátttakenda í endurhæfingu, innihald endurhæfingarinnar og árangur. Einnig verður fjallað um aukið úrræðaframboð, þróun starfseminnar, stöðu rannsóknarverkefnis og samstarf og þekkingaröflun og þau verkefni sem framundan eru á komandi ári.

Um SEV

Starfsendurhæfing Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð 25. september 2008 að frumkvæði Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Stofnaðilar SEV eru:

- Ísafjarðarbær
- Bolungavíkurkaupstaður
- Súðavíkurreppur
- Vesturbyggð
- Tálknafjarðarhreppur
- Reykhólahreppur
- Strandabyggð
- Kaldrananeshreppur
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Vinnumálastofnun á Vestfjörðum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands (Þá Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík)
- Háskólasetur Vestfjarða
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fjölmeningasetur
- Gildi lífeyrissjóður (Þá Lífeyrissjóður Vestfirðinga)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
- Félag Járníðnaðarmanna
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Starfsemi SEV fer fram að Suðurgötu 9 á Ísafirði, í húsnæði sem kallað hefur verið Vinnuver, en auk SEV eru þar einnig til húsa Vesturafl og Fjölsmiðjan. Auk þeirrar fjölbreyttu dagskrár sem þátttakendur SEV geta nýtt sér í húsnæði SEV, sækja þeir einnig þjónustu til ýmissa fagaðila á svæðinu og fer sú þjónusta fram hjá viðkomandi þjónustuaðilum.

Forstöðumaður og eini starfsmaður SEV árið 2018 er Harpa Lind Kristjánsdóttir, iðjuþjálfari.

Stjórn

Stjórn er kosin á ársfundi til tveggja ára, tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Stjórn SEV er skipuð eftirtöldum:

- Sigurveig Gunnarsdóttir, formaður, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- Arnheiður Jónsdóttir, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar.
- Karítas Pálsdóttir, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Hrefna R Magnúsdóttir, fulltrúi Fjölmenningsseturs.

Varamenn í stjórn eru:

- Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Finnbogi Sveinbjörnsson, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Sigurborg Þorkelsdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Elfa Hermannsdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Sædis Jónatansdóttir, Fulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Árið 2018 voru haldnir sjö stjórnarfundir.

Hlutverk SEV

Hlutverk SEV er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem hafa þurft að hætta störfum á vegna veikinda, slysa, félagslegra erfiðleika eða af öðrum ástæðum og vilja vinna að endurkomu á vinnumarkaðinn.

Þátttakendur eru einstaklingar með örorkumat / endurhæfingarlífeyri, framfærslu frá sveitafélagi, á atvinnuleysisbótum eða ungt fólk án atvinnusögu og menntunar.

Markmið SEV

Markmið SEV eru;

- Að þátttakendur komist í vinnu eða nám sem styrkja mun stöðu þeirra gagnvart vinnumarkaði.
- Að lífsgæði þátttakenda aukist.
- Að lífsgæði fjölskyldna þátttakenda aukist.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

SEV býður upp á heildstæða starfsendurhæfingu þar sem tekið er á vanda hvers þátttakanda í samvinnu við félags- og heilbrigðismálayfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á Vestfjörðum. Lögð er áhersla á að þátttakendur beri sjálfir ábyrgð á eigin endurhæfingu og þeir koma með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar frá upphafi endurhæfingar.

Í endurhæfingunni er lögð áhersla á einstaklingsbundin úrræði sem miðast að því, að efla fólk til sjálfshjálpar eftir þörfum hvers og eins, meðal annars með menntun og fræðslu, fjármálaráðgjöf, sálfræðistuðningi, líkamshjálfun, næringarráðgjöf o.fl.. Þannig er unnið að því að styrkja stöðu þátttakenda gagnvart vinnumarkaðinum. Þátttakendum er einnig gefinn möguleiki á því að prófa getu sína til vinnu í vinnuþrófun í Vinnuveri og á almennum vinnumarkaði og í framhaldinu studdir til að komast aftur út á vinnumarkaðinn á hraða sem þeir ráða við og hentar hverjum og einum.

Fjármögnun

Seinni hluta ársins 2018 var unnið að gerð nýs þjónustusamnings við Virk Starfsendurhæfingarsjóð, en fyrri þjónustusamningur féll úr gildi í lok ársins 2018. Eins og undanfarin ár er Starfsendurhæfing Vestfjarða nú nær eingöngu rekin fyrir

fjármagn frá Virk. Annarsvegar er um að ræða mánaðalegt fast framlag og hins vegar greiðslur fyrir endurhæfingu hvers og eins þátttakanda. Á síðasta ári fór SEV í auknu mæli að bjóða upp á stök úrræði, sem öðrum aðilum en Virk bauðst að kaupa fyrir sína skjólstæðinga og nýtti Vinnumálastofnun þennan möguleika. Áfram verður unnið með þessa leið og þannig reynt að ná betri nýtingu í námskeið sem SEV heldur og ekki eru fullnýtt af þátttakendum SEV og Virk.

Samstarfsaðilar

Eins og undanfarin ár þá hafa helstu samstarfsaðilar SEV verið Vesturafl, Sjúkraþjálfun Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Endurhæfingardeildin á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, Petra Hólmgrímsdóttir ráðgjafi VIRK, Salome Elín Ingólfssdóttir næringarfræðingur, Katrín Sif Þór sálfræðingur, Helena Jónsdóttir sálfræðingur auk fleira fagfólks sem komið hefur að meðferð, ráðgjöf eða kennslu hjá SEV.

Starfsmaður SEV hefur ávalt verið í miklu samstarfi við ráðgjafa Virk, en í lok ársins var starfshlutfall ráðgjafa Virk á Vestfjörðum aukið og nýr ráðgjafi, Henný Þrastardóttir, ráðin til starfa í 50% stöðu. SEV býður Henný velkomna til starfa og erum við fullviss um að samstarfið við ráðgjafa Virk verði áfram jafn gott og verið hefur undanfarin ár.

Margir af þátttakendum SEV nýttu sér námskeið og námsleiðir Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á síðasta ári, eins og jafnan hefur verið í gegnum tíðina og er ómetanlegt að geta á þann hátt uppfyllt betur þarfir hvers og eins þátttakanda fyrir fræðslu og styrkingu. Sjúkraþjálfarar í Sjúkraþjálfun Vestfjarða sáu áfram um sjúkraþjálfun og hreyfingarhluta starfsendurhæfingarinnar, auk þess að sjá um fræðslu um mikilvægi hreyfingar og áhrif hennar á líkama og sál. Á síðasta ári störfuðu fjórir sjúkraþjálfarar hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða, þau Ólafur Halldórsson, Tómas Emil Guðmundsson, Atli Þór Jakobsson og Fanney Pálsdóttir. Einhverjir þátttakendur sóttu einnig sjúkraþjálfun og hreyfingu á endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á síðasta ári og samvinna við sjúkraþjálfarana þar er ávalt mjög góð.

Samvinna við Vesturafl var sem fyrr mjög góð og sáu starfsmenn Vesturafls áfram um vikulega vinnustofu fyrir þátttakendur SEV. Starfsmenn Vesturafls eru Harpa Guðmundsdóttir, iðjuþjálfari, Sigríður Magnúsdóttir og Râna Campbell.

Eftir flutning í nýtt húsnæði í byrjun árs 2017 jókst samvinna SEV og Vesturafls og var það markmið forstöðumanna stofnananna að í húsinu, sem kallað er Vinnuver, reyna að skapa menningu og anda sem hvetti til virkni og stuðlaði að valdeflingu og bata þeirra einstaklinga sem húsið sækja. Báðar stofnanir bjóða upp á margskonar virkni og úrræði sem gagnast geta einstaklingum sem vinna að því að bæta líðan sína og heilsu og stefna að aukinni virkni og stór hluti þeirra stefnir á þátttöku á vinnumarkaði. Samkomulag var því gert milli stofnananna við flutning í húsið, um gagnkvæman aðgang notenda að afmarkaðri þjónustu, þar sem samnýting var telin geta gagnast fleirum án þess að rýra gæði þjónustunnar fyrir aðra. Um mitt ár 2018 var þessi samvinna að miklu leyti sett á ís, þar sem Virk, aðal þjónustukaupi SEV, gerði harðorða athugasemd við þetta fyrirkomulag. Hafði þetta mikil áhrif á samvinnu stofnananna seinni hluta ársins, þó að einhverjir þátttakenda SEV hafi áfram nýta sér Vesturafl sem virkniúrræði að eigin frumkvæði, sem leið til að efla félagslega virkni. Hafa þær athugasemdir sem gerðar voru við samvinnu stofnananna síðan verið dregnar til baka. Samvinna stofnananna hefur þó enn ekki komist í sama farveg og áður, en mun vonandi styrkjast aftur með tímanum.

Bylting varð, hvað varðar aðgengi þátttakenda SEV að sálfræðiþjónustu þegar Katrín Þór sálfræðingur fór að bjóða upp á þjónustu í fjarfundi. Þetta er í raun í fyrsta skipti sem þátttakendur SEV hafa haft möguleika á vikulegum sálfræðiviðtölum og var það mikil framför og hefur skipt sköpum í endurhæfingunni og hefur samvinnan við Katrínu verið ómetanleg. Síðan hafa fleiri sálfræðingar bæst í hóp þeirra sem bjóða þjónustu sína í fjarfundi og eykur það til muna möguleika SEV til að uppfylla þjónustubörf þátttakenda. Á síðasta ári bættist Helena Jónsdóttir sálfræðingur einnig í hóp samstarfsfólks SEV. Helena er búsett á Flateyri og hefur veitt einstaklingum í starfsendurhæfingu sálræðiráðgjöf samhliða starfi sínu sem skólastóri Lýðháskólans á Flateyri. Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, sá ásamt Hörpu Guðmundsdóttur um hóptíma, bæði fyrir unga og eldri þátttakendur SEV. Salome Elín Ingólfssdóttir veitti næringarráðgjöf og fræðslu um mataræði og næringu fyrir þátttakendur.

Auk ofanefndra komu margir aðrir aðilar að starfsemi SEV við kennslu, þjálfun, ráðgjöf og fleira.

Þátttakendur

Tilvísanir


Á árinu 2018 bárust 41 tilvísanir frá VIRK vegna 28 einstaklinga í heildræn úrræði eða eftirfylgni. Þar af voru 20 einstaklingar að hefja endurhæfing hjá SEV í fyrsta skipti í einstaklingsmiðaðri þverfagleglegri endurhæfingu (EþE) eða mati á stöðu, 11 byrjuðu fyrri hluta árs og 9 seinni hluta ársins. Þetta er rúmlega helmingarfjöldgun og því alger viðsnúningur frá árinu áður, en þá hafði þátttakendum fækkað á hverju ári í þrjú ár. Lengd tilvísananna var frá einum og upp í sex mánuði, en meðallengd tilvísana í EþE og mat á stöðu voru 4,3 mánuður og er því svipað og árið áður.

Að auki var fimm einstaklingum vísað í sjö styttri úrræði eða stök námskeið, en þá er ekki um að ræða heildræna endurhæfingu og starfsmaður SEV sér þá ekki um utanumhald endurhæfingar þessara einstaklinga. Þetta vor HAM námskeið, líkamsræktarhópur, Draumar og drekar og fjármálanámskeið. Einn þátttakandi var á sunnanverðum Vestfjörðum á síðasta ári. SEV hefur einnig haft umsjón með vinnusamningum einstaklinga sem lokið hafa endurhæfingu og voru fimm vinnusamningur gerðir eða endurnýjaðir á síðasta ári.


Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda

Af þeim 20 þátttakendum sem hófu heildræna starfsendurhæfingu árið 2018 voru fjórtán konur eða 70% og sex karlar, eða 30% þátttakenda (mynd 1). Hlutfall karla hefur því aftur minnkað, en í fyrra var það komið upp í 44% og er kynjaskiptingin nú aftur orðin lík því sem algengt virðist vera annarstaðar á landinu. Hlutfall þátttakenda sem lokið höfðu formlegri menntun við upphaf endurhæfingar var töluvert lægra en árið á undan eða 20% en var 56%

Mynd 1.



Mynd 2.




árið á undan. Óvenju margir, eða þrír einstaklingar höfðu lokið háskólanámi, aðeins einn stúdentsprófi og fjórir höfðu lokið við meira en tveggja ára nám á framhaldsskólastigi. Hlutfall þeirra sem höfðu aðeins lokið grunnskólanámi var nú 60%. (mynd 2). Meðalaldur þátttakenda SEV var 34,3 ár og er það 8 árum lægri meðalaldur en árið áður og hefur aldrei verið lægri. Aldur þátttakenda spannaði frá 18 og upp í 50 ára og voru 8 þátttakendur 24 ára eða yngri og hafa aldrei áður verið svo margir þátttakendur á þessum aldri.

Staða þátttakenda eftir endurhæfingu

Í lok árs 2017 höfðu í allt 166 þátttakendur hafið endurhæfingu hjá SEV frá upphafi. Af þeim höfðu 107 einstaklingar lokið endurhæfingu, 17 hafa flutt, 22 hætt og tveir látist áður en endurhæfingu lauk og 18 voru ennþá í virkri endurhæfingu við árslok. Af þeim sem lokið hafa endurhæfingu, hafa 37 einstaklingar komist í fulla vinnu að endurhæfingu lokinni og komist af opinberri framfærslu eða 35%. Sautján eintaklingar eða 16% hafa komist í hlutastarf að endurhæfingu lokinni, en fá greiddar örorkubætur frá TR á móti, vegna skertrar starfsgetu. Fimm hafa farið í nám, þar af 3 í

Mynd 3



háskólanám, 5 hafa útskrifast í atvinnuleit, tilbúnir að fara í vinnu og þrjár konur hafa farið í fæðingarorlof áður en endurhæfingu lauk. (sjá mynd 3). Um 40% þeirra einstaklinga sem fá greidda örorku að starfsendurhæfingu lokinni voru með örorkumat áður en þeir hófu starfsendurhæfingu hjá SEV, en vildu freista þess að komast inn á vinnumarkaðinn aftur. Um fimmtungi þessara einstaklinga tókst að

auka starfsgetu sína þannig að þeir voru að endurhæfingu lokinni komnir í hlutastarf, allt frá 20% og allt upp í 80% starfshlutfall, sem skiptir miklu máli fyrir lífsgæði þeirra og heilsu.

Þrjátíu og fjórir einstaklingar hafa þurft að sækja um örorku eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu hjá SEV, þar af stunda 11 hlutastörf í 30 - 60% starfshlutfalli.

Endurhæfingin

Nær allir þátttakendur SEV koma frá VIRK og hafa þá farið í gegnum matsferli þar sem metið er hver staða einstaklinganna er og hvaða þjónustu þeir hafa þörf fyrir. Við upphaf starfsendurhæfingar hjá SEV er þó alltaf farið yfir stöðu þátttakenda og gerð einstaklingsmiðuð áætlun með hverjum einstaklingi fyrir sig, þar sem markmiðið er að veita þjónustu og stuðning sem tekur mið af þörfum þátttakenda og unnið er með þá þætti sem hindra atvinnuþátttöku.

Í þjónustusamningi milli SEV og VIRK, hefur VIRK skilgreint tvær tegundir úrræða. Annars vegar „Mat á stöðu einstaklinga“, sem er stutt úrræði, 1 - 3 mánuðir, sem hefur það að markmiði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings í þessu úrræði telst fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku. Hins vegar er um að ræða úrræði sem kallast „Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing“. Hér þurfa þátttakendur að taka þátt í formlegri endurhæfingu sem nemur að lágmarki 15 - 20 tímum á viku og inniheldur bæði einstaklingsmiðaða þjónustu og hópúrræði. Auk þessara tveggja heildrænu úrræða var dagskrá vetrarins sett þannig upp að Virk gafst kostur á að kaupa fleiri stök námskeið fyrir einstaklinga sem ekki voru í heildrænum úrræðum hjá SEV. Ekki var þó mikið um kaup á stökum úrræðum, en áfram verður boðið upp á stök úrræði og vonast er til að þessi möguleiki verði meira nýttur á næsta ári.

Norðursvæði

Veturinn 2017 til 2018 var sá fámennasti í sögu SEV, en þátttakendur voru þá ekki nema 12 - 14 á hverjum tíma og gerði fámennið erfðara um vik að halda úti öflugum hópastarfi. Einhver dagskrá var þó alla daga vikunnar, en lítið um aðkeypt námskeið. Í

lok sumars fjölgaði þátttakendum þónokkuð og var fjöldinn kominn upp í 18 - 20 manns í lok ársins. Miklu munaði um þannan aukna fjölda og gerði það allt hópastarf auðveldara og meira gefandi fyrir þátttakendur, auk þess sem það gerði SEV einnig kleift að bjóða upp á fjölbreyttari úrræði. Á haustönninni 2018 var farið af stað með mjög öflugum dagskrá. Fastir liðir voru á sínum stað, þ.e. hóptímar, vinnustofa, hugleiðsla, líkamræktartímar og fræðsla, en að auki var boðið upp á verkjaskóla, jóga, náttúrutíma, HAM námskeið, fjármálanámskeið og Drauma og dreka (þriggja daga námskeið). Á haustönn var einnig farið af stað með úrræði fyrir ungt fólk þar sem sett hafði verið upp metnaðarfull dagskrá þrjú daga í viku sérsniðin að þeim hópi, en aldrei áður hafa eins margir undir 24 ára stundað þátttöku hjá SEV.

Endurhæfingin var sem fyrr miðuð að þörfum og getu hvers einstaklings og gat auk ofanefndra dagskrárliða SEV m.a. innihaldið virkni, starfsþjálfun/vinnuþrófun, nám eða námskeið, jóga, sundleikfimi og fleira sem talið er geta eflt og styrkt einstaklinginn andlega og/eða líkamlega. Eins og áður stóð sjúkrapjálfun, sálfræðiráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, næringarráðgjöf, fjármálaráðgjöf og önnur einstaklingsmiðuðu þjónusta öllum til boða sem höfðu þörf fyrir hana. Líkamrækt og regluleg stuðningsviðtöl eru hins vegar fastur liður í endurhæfingaráætlun allra þátttakenda SEV. Mikil vinna fer í að halda utanum endurhæfingu og mætingu allra þátttakenda, en mætingin er einmitt sá þáttur sem fólk í starfsendurhæfingu á oft erfitt með og er gjarnan birtingamynd þess vanda sem fólk á við að stríða. Því er sú hvatning og stuðningur sem fólk fær í starfsendurhæfingunni bæði frá fagfólkinu en einnig frá öðrum þátttakendum ómetanlegur.

Árið 2018 var fyrsta heila árið sem starfsemi SEV fór fram í hinu nýja húsnæði að Suðurgötu 9 og hefur komið betur og betur í ljós hvaða möguleika húsið hefur uppá að bjóða og hafa þátttendur einnig smám saman byrjað að nýta sér möguleika þess enn betur.

Suðurfirðir og Strandir

Þjónustusamningur var gerður milli SEV og Vesturbyggðar í október 2017 og var unnið skv. þeim samningi allt síðasta ár. Starfsmaður Vesturbyggðar Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir hefur séð um utanumhald endurhæfingar þátttakenda á suðursvæði

Vestfjarða. Ekki hefur verið mikil eftirspurn eftir þjónustu SEV á sunnanverðum Vestsfjörðum undanfarið ár og því ekki möguleiki á að koma á hópastarfi og aðeins um að ræða einstaklingsmiðaða endurhæfingu. Eru þá úrræði á staðnum nýtt, s.s. þjónusta sjúkraþjálfara, líkamsræktarsalur og sundlaug og Eyrarsel. Einnig hafa þátttakendur stundað ýmiskonar fjarnám, auk þess sem gott samstarf hefur verið við vinnuveitendur á svæðinu um vinnuþrófanir á vinnustöðum. Samstarf hefur verið við sálfræðing sem veitir fjarþjónustu auk þess sem Svanhvít hefur séð um stuðningsviðtöl og utanumhald endurhæfingar. Einn þátttakandi var á svæðinu á síðasta ári.

Enn hefur engin formleg starfsemi farið af stað á Ströndum eða Reykhólum þar sem engin tilvísun hefur enn borist um þjónustu þar.

Þekkingaröflun og samstarf

Eins og undanfarin ár tók forstöðumaður SEV þátt í samstarfi starfsendurhæfingarstöðvanna sem starfræktar eru víðsvegar um landið. Þrjú fundir voru haldnir á árinu, tveir forstöðumannafundir í apríl og nóvember, en þar ræða forstöðumenn ýmis mál er varða rekstur stöðvanna og deila reynslu og þekkingu. Stöðvarnar hafa unnið saman að ýmsum málum s.s. gæðamálum, innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar og fleiru þar sem hagræði er að samvinnu, þar sem mikið vinnuálag er á öllum stöðvunum. Vorfundurinn, þar sem annað starfsfólk stöðvanna kom einnig, var haldinn í Hafnarfirði og var þá skipulögð fræðsludagskrá um efni er varða starfsendurhæfingu. Á vorfundinum var einnig stigið það skref, sem lengi hafði verið rætt um, að stofna formleg samtök. Fengu þau nafnið “Byr - samtök starfsendurhæfingarstöðva” og er markmið þeirra m.a. að efla og stuðla að aukinni samvinnu milli starfsendurhæfingarstöðvanna, vera vettvangur umræðu um starfsendurhæfingu og gæta sameiginlegra hagsmuna aðila Byrs. Forstöðumaður SEV var valinn til stjórnarsetu í samtökunum.

Í byrjun október sótti forstöðumaður tveggja daga ráðstefnu, “Nordic conference in work and rehabilitation”, sem haldin var í Ósló. Fjallað var um þær áskoranir sem felast í því að innleiða gagnreyndar aðferðir í starfsendurhæfingu og voru erindin

bæði frá fulltrúum fræðasamfélagsins, fólks sem starfar við starfsendurhæfingu og opinberum og hálfopinberum aðilum sem bera ábyrgð á stefnumótun og yfirumsjón málaflokksins. Var þarna þéttskipuð og mjög áhugaverð dagskrá frá morgni til kvölds í tvo daga, sem var mjög lærdómsríkt að fá að taka þátt í.

Þróun starfseminnar

Árið 2018 var eins og áður hefur komið fram fyrsta heila árið í “nýju” húsnæði að Suðurgötu 9. Fyrri hluta ársins var starfseminni nokkur takmörk sett, vegna þess hve fáar tilvísanir bárust og þar með voru fjármunir takmarkaðir og fáir þátttakendur á hverjum tíma. Fulltrúar Virk komu í heimsókn í SEV í júní og var staðan þá rædd. Virk gerði þá þónokkrar athugasemdir við starfsemi SEV, m.a. að meiri fjölbreytni og fleiri stök úrræði mættu vera í boði hjá SEV og að fleira fagfólk en iðjuþjálfari, t.a.m. sálfræðingur, þyrfti að koma að hóptímum/sjálfsstyrkingu. Einnig þótti þörf á skýrum aðskilnaði milli SEV og Vesturafis, bæði hvað varðar samnýtingu þjónustu og að ekki var talið æskilegt að notendur stofnananna hefðu sameiginlegan inngang. Einnig var sett spurningamerki við það hvort úrræði SEV væru aðlöguð nægilega vel að þörfum þátttakenda og hvort að úrræði í samfélaginu, s.s. vinnustaðir væru nýtt nógu vel fyrir vinnuþrófanir þátttakenda, auk fleiri minniháttar athugasemda. Stjórn SEV og forstöðumaður voru ekki alskostar sammála réttmæti allra þeirra athugasemda sem gerðar voru og funduðu með fulltrúum Virk í lok sumars. Síðan hefur hluti athugasemdanna verið dreginn til baka, en öðrum var brugðist við, eins vel og kostur var. M.a. var dagskrá SEV stórefld, stökum úrræðum fjölgað, fleira fagfólk var fengið að hópastarfi SEV, inngangur hefur verið merktur og heimasíða uppfærð. Í kjölfarið hefur tilvísunum frá Virk einnig fjölgað til muna og er niðurstaða málsins því betri þjónusta fyrir fleira fólk. Málið var því til lykta leitt á farsælan hátt fyrir alla og hið góða samstarf sem SEV hefur átt við Virk frá upphafi heldur áfram.

Í byrjun árs hóf forstöðumaður að vinna rannsókn í tengslum við meistaranám sitt, sem felst í því að þróa og innleiða náttúrutengt endurhæfingarúrræði í SEV. Hluti af rannsókninni eru svokallaðir “náttúrutímar”, þar sem lítill hópur þátttakenda hittist tvisvar í viku og fer í göngutúra á valda staði úti í náttúrunni eða vinna að

náttúrutengdri iðju, ýmist inni eða úti. Gaman er að segja frá því að ekki er mætt eins vel í neitt úrræði SEV eins og náttúruhópin. Mun rannsókninni ljúka haustið 2019 og verður niðurstaða hennar vonandi gagnreynt úrræði sem haldið verður áfram að bjóða upp á hjá SEV.

Lokaorð

Árið 2018 var ár mikilla anna og endurskoðunar hjá SEV. Ákveðnir erfiðleikar í byrjun ársins leiddu af sér tækifæri til aukinna samskipta og skoðanaskipta um framkvæmd starfsendurhæfingar á svæðinu. Tækifærið var nýtt til efla og bæta starfsemi SEV sem segja má að hafi aldrei verið jafn fjölbreytt og vonandi mun þróun hennar halda áfram á sama hátt í framtíðinni.

Harpa Lind Kristjánsdóttir
Forstöðumaður SEV